

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna lágmarkskrafna fyrir tiltekin olíuflutningaskip.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 55. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtaldin EBE tilskipun öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1. Tilskipun ráðsins nr. 79/116/EBE frá 21. desember 1978 um lágmarkskröfur fyrir tiltekin tankskip sem koma til eða fara frá höfnum í bandalagslöndum. (Nr. 55 í XIII. viðauka)
Ásamt breytingu:
Tilskipun ráðsins nr. 79/1034/EBE frá 6. desember 1979.
Framangreind tilskipun er birt í sérri, samanber auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út gerðir XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í sérri.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 samanber 4. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 60.- 68. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtaldar gerðir EBE öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.: